



Bæjarstjórn Garðabæjar 8. (848)/2019

Boðað er til 8. (848). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. maí 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1905003F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/5"19.
1710244 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Gálghraun.
1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um lokun á svalarými við Hraungötu 8.
1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra.
2. 1905019F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/5"19.
1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 2 og nr. 3.
1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra-fólkvangur.
1806394 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu umsóknar um byggingarleyfi að Lambaga 5.
1903293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi 3. áf. norðurhluta Urriðaholts varðandi lóðina við Urðargötu 1.
1805161 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Haukanes 10.
1710090 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.
1809192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi á svæði á Grundum.
1809189 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að endurskoðun deiliskipulags fyrir Molduhraun.
1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.
3. 1904033F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 24/4"19.
4. 1905013F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 10/5"19.
5. 1904042F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 2/"19.
6. 1905015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/5"19.



7. 1901316 - Fundargerð SHS frá 3/5"19.
8. 1901375 - Fundargerð SSH frá 6/5"19.
9. 1901407 - Fundargerð Strætó bs frá 3/5"19.
10. 1905085 - Drög að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu Borgarlínu
11. 1806461 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2019
12. 1905171 - Tillaga um að taka saman upplýsingar um kolefnislosun

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
7. (847). fundur 2019

Fimmtudaginn 2. maí 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson, Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, fyrsti varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 4. apríl 2019 er lögð fram.

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1904011F - Fundargerð bæjarráðs frá 9/4 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., yfirlýsingu Sambands ísl. sveitarfélaga vegna lífskjarasamninga, og 9. tl., samning við hestamannafélagið Sóta um byggingu reiðskemmu.

Gunnar Einarsson, ræddi 9. tl., samning við hestamannafélag Sóta um byggingu reiðskemmu.

Ingvar Arnarson, tók til máls og óskaði körfuknattleiksdeild Ungmennafélaginu Álfstaness til hamingju með sæti í 1. deild. Þá ræddi Ingvar 6. tl. tilkynningu frá forsætisráðuneytinu um aðgerðir ríkisstjórnarinnar til stuðnings lífskjarasamningum aðila á vinnumarkaði og 9. tl. samning við hestamannafélagið Sóta um byggingu reiðskemmu.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir að fresta afgreiðslu á tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Holtstún á Álfanesi þar sem nú liggur fyrir að tillagan er ekki í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Bæjarstjórn samþykkir samning við Hestamannafélagið Sóta um styrk til byggingar reiðskemmu á svæði félagsins.

Fundargerðin sem er 10 tl. er samþykkt samhljóða.

2. 1904029F - Fundargerð bæjarráðs frá 16/4 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., uppbyggingu í Vetrarmýri og 10. tl., bréf Brynju Hússjóðs ÖBÍ varðandi umsókn um stofnframlög.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun, 16. tl., bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um lýðskóla og spurði um stöðu erindis Tækni-skólangs um lóð í Garðabæ. Þá ræddi Sara Dögg 18. tl. svar við fyrirspurn um fréttastefnu og 19. tl., afgreiðslu leikskólanefndar varðandi úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 19. tl., afgreiðslu leikskólanefndar varðandi úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla.

Almar Guðmundsson, ræddi 10. tl., bréf Brynju Hússjóðs ÖBÍ varðandi umsókn um stofnframlög, 5. tl., úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2019 og 18. tl., svar við fyrirspurn um fréttastefnu.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., úthlutun styrkja samkvæmt fjárhagsáætlun 2019, 10. tl., bréf Brynju Hússjóðs ÖBÍ varðandi umsókn um stofnframlög og 16. tl., bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um lýðskóla og svaraði fyrirspurn.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að veita Veitum ohf. og tækni- og umhverfissviði Garðabæjar framkvæmdaleyfi vegna endurnýjunar lagna og yfirborðs gatna í Norðurtúni og Túngötu.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis þar sem vikið er óverulega frá bundinni byggingarlínu við byggingu verslunar- og þjónustuhúss að Urriðaholtsstræti 2. Um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Fundargerðin sem er 21 tl. er samþykkt samhljóða.

3. 1904036F - Fundargerð bæjarráðs frá 30/4 '19.

Ingvar Arnarson, ræddi 22. tl., bréf útgerðarfélagsins Álfs varðandi forkaupsrétt við sölu á fiskiskipi, 23. tl., úrskurður kærunefndar útboðsmála í máli Sporthallarinnar gegn Garðabæ og Laugum, 31. tl., bréf Plokk á Íslandi varðandi stuðning við hreinsunarverkefni.

Almar Guðmundsson, ræddi 23. tl., úrskurð kærunefndar útboðsmála í máli Sporthallarinnar gegn Garðabæ og Laugum.

Sigurður Guðmundson ræddi 1. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi í tengslum við nýtt deiliskipulag norðurnesi, 2. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar um tillögu varðandi breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda vegna byggðar á Lyngássvæði og 3. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að skipulagsáætlunum í tengslum við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að skipulagsáætlunum í tengslum við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi og 34. tl., svar við fyrirspurn um viðhald og viðbyggingu Sjálandsskóla.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögur að skipulagsáætlunum í tengslum við endurbætur á Hafnarfjarðarvegi 34. tl., svar við fyrirspurn um viðhald og viðbyggingu Sjálandsskóla.

Afgreiðsla mála

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um gerð lýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir svæði á Norðurnesi Álfstaness, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Leita skal umsagnar hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum ásamt því að kynna lýsinguna fyrir almenningi.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagsлага nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda er nær til svæðis sem afmarkast af Lyngási til norðurs, Ásabraut til vesturs og suðurs og Stórási til austurs.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Hafnarfjarðarveg samkvæmt 41. gr. skipulagsлага nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Að kveðið verði á um það í skilmálum að útfærð verði hraðatakmarkandi lausn til að draga úr hraða þeirra ökutækja sem beygja inn og út úr Lyngási.

Að hljóðvegg við gatnamót Hafnarfjarðarvegar og Lyngáss að norðanverðu verði breytt á uppdrætti til að bæta sýn fyrir hjóreiðamenn.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar um nýtt deiliskipulag fyrir Vífilsstaðaveg og Bæjarbraut samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirlarfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemnum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirlarfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemnum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirlarfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemnum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts eystra samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirlarfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórн samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemnum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar - neðsta svæði. (svæði III) samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirlarfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórн samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemnum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórн samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Hörgatúns 2 samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var auglýst. Athugasemdir hafa verið yfirlarfarnar og liggja fyrir tillögur að svörum.

Bæjarstjórн samþykkir að leggja til við bæjarstjórн að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemnum.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs sem gerir ráð fyrir nýum stígum sunnan lóða við Hraunhóla verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Molduhrauns sem gerir m.a. gerir ráð fyrir nýrri lóð við Garðahraun 1, hækkun nýtingahlutfalls o.fl. verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á almennum fundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Arnarness í tilefni umsóknar lóðareiganda að Blikanesi 14 um byggingu utan byggingarreits. 2, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að veita framkvæmdaleyfi samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir færslu Vetrarbrautar og landmótunar vegna fyrirhugaðrar byggingar fjölnota ípróttahúss í Vetrarmýri.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Akrahverfis í tilefni umsóknar lóðareiganda að Skeiðakri 7 um byggingu utan byggingarreits, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi við núverandi hús við Reynilund 11 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á mb. Álfí SH 414 sknr 2830

Bæjarstjórn samþykkir þjónustusamning við Ás styrktarfélag um sérstök búsetuúrræði.

Fundargerðin sem er 36 tl. er samþykkt samhljóða.

4. 1904014F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 10/4 '19.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., tillögu um sundkort til ungmenna, 2. tl., nýtingu hvatapeninga 2018, 3. tl. tillögu um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem í boði er, 4. tl., forvarnamál og 5. tl. ársreikning 19. júní sjóðs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 4. tl. forvarnamál.

Valborg Ösp Á Warén, ræddi 2. tl., nýtingu hvatapeninga 2018.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1904006F - Fundargerð leikskólanefndar frá 11/4 '19.

Valborg Ösp Á Warén, ræddi úthlutun úr þróunarsjóði leikskóla.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1904025F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 12/4 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., jazzhátíð Garðabæjar og þakkaði nefndinni fyrir frábæra tónlistarviðburði.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1904022F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 11/4 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1904024F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/4 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1904005F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 10/4 '19.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 1. tl., skýrslu um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016, 2. tl. stefnumótun um málefni barna, 4. tl., erindi um breytingu á tímasetningum varðandi skólabyrjun, 3. tl., tillögu um aukna upplýsingatækni í grunnskólum bæjarins og 5. tl., kynningu á starfsemi Sjálandsskóla.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl., skýrslu um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016, 2. tl. stefnumótun um málefni barna og 3. tl., tillögu um aukna upplýsingatækni í grunnskólum bæjarins.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., skýrslu um lífskjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls að nýju.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1903034F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 21/3 '19.

Almar Guðmundsson, ræddi verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.

Gunnar Einarsson, ræddi verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1903058F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/4 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., tillögu um að efla vistvænar samgöngur og lýðheilsu starfsmanna Garðabæjar, 8. tl., tilraunaverkefnið með spíllivagninn og 9. tl., samstarf Wapp og Garðabæjar um skráningu og birtingu gönguleiða.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 7. tl., hreinsunarátak 2019.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., tillögu um að efla vistvænar samgöngur og lýðheilsu starfsmanna Garðabæjar, 2. tl., umsóknir í framkvæmdasjóðs ferðamannastaða og 8. tl., tilraunverkefnið með spíllivagninn.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 29/4 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 1904165 - Fundargerð 18. eigendafundar Strætó bs. frá 8/4 '19.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., nýtt greiðslukerfi Strætó.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 12/4 '19.

Björg Fenger ræddi 1. tl., eflingu almenningssamgangna, 4. tl., akstursþjónustu fatlaðs fólks, 5. tl., grár dagur – aukningu vistvænna samgangna og 6. tl., ársfund Strætó 2019.

Fundargerðin er lögð fram.

15. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 8/4 '19.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu.

Fundargerðin er lögð fram.

16. 1902158 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsv. frá 9/4 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

17. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 12/4 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., stöðu förgunarmála á höfuðborgarsvæðinu og 7. tl., aðalfund Metan ehf.

Fundargerðin er lögð fram.

18. 1811108 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 27/3 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

19. 1904359 - Fyrirspurn um kostnað og áætlanir vegna framkvæmda við Bæjargarðinn.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

Fyrirspurn um kostnað og áætlanir vegna framkvæmda við Bæjargarðinn

- Hver er núverandi staða á heildarkostnaði framkvæmda við Bæjargarðinn?
- Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði við Bæjargarðinn?
- Hver er áætlaður heildarkostnaður við Bæjargarðinn við verklok?
- Óskað er eftir afriti af framkvæmdaáætlun Bæjargarðs?

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

20. 1904357 - Tillaga um samning við Janus heilsueflingu.

Valborg Ösp Árnadóttir Warén kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að gerður verður samningur við Janus heilsueflingu og að verkefnið verði þannig hluti af heilsueflandi samfélagi.

Með Janus heilsueflingu er leitast við að efla heilbrigði með því að skapa fólk aðstæður og umhverfi sem gera einstaklingum kleift að auka lýðheilsu og efla vilja til að viðhalda heilbrigði.“

Greinargerð:

Heilsurækt fyrir íbúa 65 ára og eldri þarf að vera aðgengileg og fjölbreytt enda er um að ræða hóp fólks með ólikar þarfir og gera má ráð fyrir því að krófur eldri borgara séu bæði margþættar og ólíkar. Samkvæmt Úttekt íþróttafulltrúa Garðabæjar á þátttöku 67 ára og eldri íbúa Garðabæjar í frístundastarfi eru um 500 eldri borgarar sem eru ekki skráðir i neina hreyfingu og því væri Janus heilsuefling mikilvæg viðbót við þá heilsurækt og þjónustu sem er nú þegar í boði fyrir þennan aldurshóp í Garðabæ.

Björg Fenger tók til máls um framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls um framlagða tillögu.

Valborg Ósk Á Warén, tók til máls að nýju.

Björg Fenger, tók til máls að nýju.

Ingvar Arnarson, tók til máls um framlagða tillögu.

Almar Guðmundsson, tók til máls um framlagða tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framlagða tillögu og lagði til að vísa tillöggunni til afgreiðslu fjárhagsáætlunar 2020.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillöggunni til afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2020.

21. 1904356 - Tillaga um umbætur í starfsumhverfi grunnskólakennara.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslusviði að fá kynningu á rafræna kerfinu www.learncope.io. Kerfið er sérstaklega hannað með þarfir kennara í huga þegar kemur að því að mæta fjölbreyttum þörfum nemenda byggt á hæfni þeirra og námsgetu. Með innleiðingu slíks kerfis má einfalda utanumhald gagna, upplýsingagjöf og fá um leið góða yfirsýn yfir námsfravindu hvers nemanda. Enn fremur styður slíkt kerfi við hagræðingu í starfi kennara og ýtir undir bætt starfsumhverfi.“

Greinargerð:

Með fjórðu iðnbyltingunni munum við sjá fram á miklar breytingar í flestum atvinnugreinum. Aftur á móti er kennarastarfið sú atvinnugrein sem spáð er um að taki hvað minnstum breytingum þegar litið er til umbreytingu starfa í kjölfar tæknipróunar.

Í nýútkominni skýrslu nefndar á vegum forsætisráðuneytisins, *Ísland og fjórða iðnbyltingin* er farið yfir mögulega þýðingu fjórðu iðnbyltingarinnar á öll störf m.a. kennarastarfið. Þar er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að skoða þá þætti þar sem tækni getur bætt starfsaðstöðu fólks til muna og aukið velferð á vinnustað. Slik markmið er nauðsynlegt að ræða þegar fjallað er um uppbrot á vinnumarkaði vegna tæknibreytinga.

Tæknin mun hafa hagræðingaráhrif, breyta störfum, leggja einhver þeirra af og skapa ný. Til þess að kennarastarfið standist þá samkeppni sem verður um vel menntaða starfsmenn í heimi hinna örur

tæknibreytinga verða vinnuveitendurnir þ.e. sveitarfélögin að taka þau skref sem hægt er að taka í þágu tækni og aukinnar velferðar á vinnustað. Einfaldara aðgengi að alls kyns þjónustu er liður í því sem og rafræn kerfi sem halda utan um viðamikið starf kennarans.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls um framlagða tillögu og lagði til að vísa tillöggunni til nánari skoðunar fræðslu- og menningarsviðs.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framlagða tillögu og lagði til eftirfarandi breytingartillögu.

Fyrsti og annar málslíður hljóði svo:

„Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslusviði að fá kynningu á rafrænum kerfum sem hönnuð er með þarfir kennara í huga þegar kemur að því að mæta fjölbreyttum óskum og þörfum nemenda byggt á hæfni þeirra og námsgetu.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls að nýju og lýsti stuðningi við framkomna breytingartillögu.

Tillaga að breytingu við framlagða tillögu samþykkt samhljóða.

Tillagan með áorðni breytingu samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Bæjarráð Garðabæjar
17. (1878). fundur 2019**

Þriðjudaginn 7. maí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigurður Guðmundsson, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, varamaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810028 - Betri Garðabær - tillögur matshóps um verkefni á kjörseðli.

Á fund bæjarráðs mætti Sólveig Helga Jóhannsdóttir, skipulagsfræðingur á tækni- og umhverfissviði og gerði grein fyrir niðurstöður matshóps varðandi verkefni sem lagt er til að fari í rafræna íbúakosningu undir heitinu „Betri Garðabær“:

Alls bárust 304 hugmyndir í hugmyndasamkeppni og leggur matshópurinn til að 27 hugmyndir fari í kosningu.

Bæjarráð samþykkir tillögur matshópsins. Rafræn íbúakosning mun fara fram dagana 23. júní til 3. júní nk.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlíð.

2. 1901367 - Dýjagata 10 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ellum ehf., kt.461109-2170, leyfi til að bygga einbýlishús að Dýjagötu 10.

3. 1902006 - Hraunprýði 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Eyjólfí Valgarðssyni, kt. 280857-4169, leyfi til að loka opinni bílageymslu við raðhúsið að Hraunprýði 6.

4. 1902171 - Hraunprýði 8 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Elísabetu Halldórsdóttur, kt. 150765-4559, leyfi til að loka opinni bílageymslu við raðhúsið við Hraunprýði 8.

5. 1902172—Hraunprýði 10 – Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Lindu Björk Stefánsdóttur, kt. 050566-5819-4559, leyfi til að loka opinni bílageymslu við raðhúsið við Hraunprýði 10.

6. 1902173 - Hraunprýði 12 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigurði Þorvaldssyni, kt. 271060-2549, leyfi til að loka opinni bílageymslu við raðhúsið að Hraunprýði 12.

7. **1710244 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Gálgahraun.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að nýju deiliskipulagi Gálgahrauns verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
8. **1706258 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um lokun á svalarými við Hraungötu 8.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis vegna lokunar svalarýmis einbýlishússins að Hraungötu 8 en um óverulegt frávik er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
9. **1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra.**
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að tillaga að nýju deiliskipulagi Garðahrauns efra verði kynnt íbúum og hagsmunaaðilum á íbúafundi, sbr. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
10. **1704011 - Bréf Skipulagsstofnunar varðandi tillögu deiliskipulagi fyrir Holtstún á Álfanesi, dags. 17.04.19.**
Lagt fram.
11. **1901022 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um leyfi fyrir gististað að Blikastíg 18.**
Bæjarráð getur ekki mælt með að umbeðið leyfi verði veitt þar sem um er að ræða staðsetningu á gistirými í íbúðarhverfi og fyrir liggar neikvæð afstaða nágranna vegna ónædis og óþæginda frá starfseminni.
12. **1905026 - Umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis veitinga í Jónshúsi.**
Bæjaráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
13. **1904327 - Bréf Samgöngustofu varðandi beiðni um umsögn vegna staðsetningu ökutækjaleigu (Miðhraun 22B), dags. 26.04.19.**
Bæjaráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
14. **1903272 - Opnum tilboða í framkvæmdir við endurbætur á Kirkjubóli.**
Eftirfarandi tilboð bárust í framkvæmdir við endurbætur Kirkjubóls.

Flotgólf ehf.	kr. 169.158.372
E. Sigurðsson ehf.	kr. 173.237.787
Kostnaðaráætlun	kr. 149.396.620

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda, Flotgólf ehf., með fyrirvara um að um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og felur bæjarverkfræðingi afgreiðslu málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

- 15. 1905008 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022, 771. mál., dags. 30.04.19.**
Lagt fram.

- 16. 1905010 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um skráningu einstaklinga, 772. mál., dags. 30.04.19.**
Lagt fram.

- 17. 1901301 - Erindi UMF Stjörnunnar um endurnýjun samstarfssamnings.**
Forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs gerði grein fyrir viðræðum við fulltrúa Stjörnunnar um endurnýjun samstarfssamnings.

Bæjarráð samþykkir að boða fulltrúa Stjörnunnar á fund bæjarráðs til að kynna framgangs þróunarverkefnis sem styrkt var sérstaklega undanfarin tvö ár í þeim tilgangi að efla starfsemina og bjóða upp á aukna möguleika fyrir iökendur og minnka líkur á brottfalli.

- 18. 1903357 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis varðandi skoðun á fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, dags. 23.04.19.**
Lagt fram.

- 19. 1905011 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um Grænbók um stefnu í málefnum sveitarfélaga, dags. 02.05.19.**
Lögð fram.

- 20. 1905013 - Sumarlaun tónlistarskóla Garðabæjar 2019.**
Bæjarráð samþykkir tillögu Tónlistarskóla Garðabæjar um að eftirfarandi nemendur fái sumarlaun árið 2019.

Auður Indriðadóttir,	kt. 270200-2750
Björgvin Brynjarsson,	kt. 031095-2559

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
18. (1879). fundur 2019

Þriðjudaginn 14. maí 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Almar Guðmundsson aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir varamaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson bæjarritari, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1905085 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi tillögu að samkomulagi aðildarsveitarfélaga SSH um undirbúning að lagningu Borgarlínu, dags. 07.05.19. (Framkvæmdastjóri SSH kynnir málið)**

Á fund bæjarráð mættu Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH og Hrafnkell Proppé, svæðisskipulagsstjóri og gerðu grein fyrir tillögu stjórnar SSH um að aðildarsveitarfélögin geri samning sín á milli um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og gangi sameiginlega til samninga við Vegagerðina um undirbúning málsins.

Bæjarráð vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger, Gunnar Valur Gíslason og Harpa Þorsteinsdóttir sátu fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlíð.

- 2. 1901301 - Erindi Stjörnunnar um endurnýjun samstarfssamnings. (Fulltrúar Stjörnunnar kynna málið)**

Á fund bæjarráðs mættu Sigurður Bjarnason, formaður Stjörnunnar og Ása Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri. Gerðu þau grein fyrir starfsemi félagsins, stefnumótun til lengri tíma og árangri af styrkeitingu til þróunarverkefnis. Þá gerðu þau grein fyrir reglum um úthlutun afreksstyrkja til deilda.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjóra.

Bæjarfulltrúarnir Björg Fenger og Harpa Þorsteinsdóttir sátu fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlíð.

- 3. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - viðaukar nr. 2 og nr. 3.**

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri mætti á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir viðauka nr. 2 og nr. 3.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi viðauka nr. 2 og nr. 3 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlagi nr. 138/2011

Viðauki 2.

Breyting var gerð á rekstri vallarhúss á Álfanesi frá og með haustinu 2018. Húsið var áður nýtt sem tómstundaheimili fyrir nemendur Álfanesskóla, en er nú notað sem þjónustuhús við íþróttavellina á Álfanesi. Húsið hefur verið endurbætt og lagfært til að geta tekið við því hlutverki sem því var upphaflega ætlað. Rekstur hússins var vanmetin við fjárhagsáætlunargerð og er leiðréttur með

viðauka.

Rafmagn	kr. 1.045.000	06622-2511
Heitt vatn	kr. 180.000	06622-2521
Kalt vatn	kr. 50.000	06622-2523
Öryggisgæsla húsvarsla	kr. 50.000	06622-4370
Fasteigna-bún.leiga eignasjóður	kr. 5.875.000	06622-4411
Samtals	kr. 7.200.000	

Kostnaðarauka skal mætt með lækkun á varasjóði um sömu upphæð
Varasjóður kr. 7.200.000 (lækkun) 31916-7179

Viðauki 2.

Fjárhagsáætlun ársins 2019 gerir ráð fyrir 1.445 mkr. lántöku. Upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 1.400 mkr. lántöku á árinu auk þess sem samþykktur hefur verið viðauki 1 við fjárhagsáætlun sem gerir ráð fyrir 45 mkr. viðbót vegna kaupa á landi á Álfanesi. Lagt er til að hækka lántöku ársins um 55 mkr. vegna góðra lánskjarar Láanasjóðs sveitarfélaga og mikilla framkvæmda á árinu. Lántaka verður þá samtals 1.500 mkr.

Lántaka kr. 55.000.000 fært á efnahag.

4. 1806461 - Fjárhagsáætlun 2019 - lántaka.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu um lántöku hjá Láanasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 500.000.000, verðtryggt með 2,19% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 15 ára.

Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

5. 1905109 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. (Korpulína)

Lögð fram.

6. 1904004 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. (Esjumelar)

Lögð fram.

7. 1805169 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. (Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð)

Lögð fram.

8. 1812022 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra-fólkvangur.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að deiliskipulagi fyrir Garðahraun efra - fólkvangur.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á þeirri tillögu sem kynnt var.

Að aðalstígur sem sýndur er hjá Hádegishóli verði breytt í stikaða leið.

Að tenging við Molduhraun á móts við Vesturhraun 5 verði felld út sem aðalstígur.

Að malarstígur á uppdrætti verði öllum breytt í stikaðar leiðir.

Að sett verði ákvæði um það í skilmálum að heimilt sé að gera lítilsháttar breytingar á stikuðum leiðum sem auðvelda fólk aðgengi, svo sem með því að fjarlægja steina eða leggja hraunhellur sem upp- og niðurstigi á stöku stað.

Að heimilt verði að útfæra stikaða leið á stöku stað sem malarsslóða ef sýnt er fram á að umferð gangandi fólks sé að valda skemmdum á náttúrulegum gróðri.

9. 1806394 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu umsóknar um byggingarleyfi að Lambaga 5.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi við núverandi hús við Lambhaga 5 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

10. 1903293 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi 3. áf. norðurhluta Urriðaholts varðandi lóðina við Urðargötu 1.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn lóðarhafa að Urðargötu 1 um breytingu á ákvæðum deiliskipulags 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts er varðar þakhalla.

11. 1905084 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi erindi eiganda Grænagarðs á Garðaholti.

Lögð fram.

12. 1904058 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi erindi lóðarhafa að Hrauntungu við Álfanesveg.

Lögð fram.

13. 1810087 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi fyrirspurn lóðarhafa að Hvannakri 7.

Lögð fram.

14. 1805161 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinna við Haukanes 10.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness í tilefni umsóknar lóðarhafa að Haukanesi 10 um stækkun byggingarreits, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

15. 1902346 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar.

Bæjarráð samþykkir með vísan til 3. ml. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar vegna viðbyggingar við golfskála GKG verði send til meðferðar Skipulagsstofnunar enda voru ekki gerðar neinar athugasemdir við tillöguna í athugasemdafresti auglýsingar.

16. 1710090 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda er varðar svæði við Ægisgrund.

Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á þeirri tillögu sem kynnt var.

Að lóð fyrir einbýlishús við Þórsmörk verði felld út úr tillöggunni.

Að kveðið verði á um skýra aðgreiningu á göngustíg og aðkomu að Þórsmörk frá Ægisgrund.

Að lögun og stærð nýrra íbúðarhúsalóða og byggingarreita við Ægisgrund verði sambærileg við núverandi lóðir. Gera skal ráð fyrir 3 bílastæðum á lóð.

Að gert verði ráð fyrir grænu svæði milli Njarðargrundar og nýrra húsa og sett kvöð um gróðurbelti.

Samhliða skal auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

17. 1809192 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi breytingu á aðalskipulagi á svæði á Grundum.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr 36. gr. sömu laga tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016 - 2030 vegna svæðis á grundum.

Samhliða skal auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda samkvæmt 2. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

18. 1809189 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að endurskoðun deiliskipulags fyrir Molduhraun.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa endurskoðað deiliskipulag fyrir Molduhraun samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

19. 1903082 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

20. 1905028 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um ársrit 2018, dags. 02.05.19

Lögð fram.

21. 1905060 - Bréf fjármála- og efnahagsráðuneytis um breytingu er varðar sveitarfélög samkvæmt lögum um opinber innkaup, dags. 03.05.19.

Lagt fram.

22. 1905087 - Bréf Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um starfsáætlun almannavarna, dags. 08.05.19.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að boða slökkviliðsstjóra á fund bæjarráðs til að kynna nánar starfsáætlun almannavarna.

23. 1905088 - Tölvupóstur Svavars Daðasonar varðandi umferð hjólreiðamanna um Súlunes, dags. 01.05.19.

Bæjarráð samþykkir að vísa málinu skoðunar hjá til tækni- og umhverfissviði.

24. 1905089 - Bréf Klúbbsins Geysis um styrk, dags. 07.05.19.

Bæjarráð samþykkir að veita Klúbbnum Geysi styrk að fjárhæð kr. 100.000.

25. 1905110 - Bréf Garðasóknar varðandi minnismerki um Jón Vídalín, dags. 08.05.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar bæjarstjóra.

- 26. 1905112 - Bréf mennta- og menningarmálaráðherra varðandi stefnumótun í íþróttamálum 2019-2030, dags. 02.05.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í íþróttu- og tómstundaráði.

- 27. 1905124 - Bréf Vegagerðarinnar varðandi umsókn um framlag til sjóvarna, dags. 06.05.19.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu hjá tækni- og umhverfissviði.

- 28. 1904166 - Afgreiðsla menningar- og safnanefndar varðandi tillögu að vali á bæjarlistamanni Garðabæjar 2019.**

Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um tilnefningu á bæjarlistamanni Garðabæjar árið 2019. Tilnefningin verður tilkynnt á menningaruppskeruhátið miðvikudaginn 22. maí nk. kl. 17:30 í Sveinatungu.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fjölskylduráð Garðabæjar

4. fundur 2019

Miðvikudaginn 24. apríl 2019 kl. 15:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigþrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir yfirlagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1801090 - NPA (notendastýrð persónul. aðstoð) 2018

Nánari bókun í trúnaðarmálahluta fundarins.

2. 1902246 - Beiðni um umsögn vegna umsóknar um leyfi sem fósturforeldrar

Nánari bókun í trúnaðarmálahluta fundarins.

3. 1903380 - Beiðni um úttekt á stuðningsfjölskyldu

Nánari bókun í trúnaðarmálahluta fundarins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar

11. fundur 2019

Föstudaginn 10. maí 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Þorgerður Anna Arnardóttir varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1901336 - Jazzhátíð Garðabæjar 2019

Farið var yfir hvernig til tókst með Jazzhátíð Garðabæjar sem var haldin dagana 25.-27. apríl sl. Þrennir kvöldtónleikar og einir síðegistónleikar voru haldnir í Kirkjuhvoli, safnaðarheimili Vídalínskirkju og auk þess voru tónleikar í félagsmiðstöðinni Jónshúsi í samstarfi við Félag eldri borgara í Garðabæ. Hátíðin var nú haldin í fjórtanda sinn og listrænn stjórnavandi frá upphafi er Sigurður Flosason tónlistarmaður. Góð mæting var á alla tónleika hátíðarinnar. Nefndin lýsir yfir ánægju með dagskrá hátíðarinnar og þakkar þeim sem að henni komu.

2. 1905080 - Samstarf við Gróska

Formaður greindi frá fundi með fulltrúum úr stjórn myndlistarfélagsins Gróska. Gróska er nú á tíunda starfsári sínu og hyggst halda upp á afmælið með ýmsu móti. Nýverið hélt félagið vel heppnaða sumarsýningu í göngugötunni á Garðatorgi og undirbúningur er hafinn fyrir árlega Jónsmessugleði Gróska sem er haldin í samstarfi við Garðabæ.

Umræður voru um starfsemi Gróska. Einnig var rætt um starfsemi FabLab og möguleika á slíku.

3. 1901341 - Hvatingarsjóður ungra listamanna 2019

Umræðu haldið áfram frá síðasta fundi um umsóknir í Hvatingarsjóð ungra listamanna. Samþykkt var að veita eftirtoldum aðilum styrk úr Hvatingarsjóði ungra listamanna 2019:

Einstaklingar:

Anna Katrín Hálfdanardóttir, styrk að upphæð 75 000 kr vegna tónlistarverkefnis.

Ásta Dóra Finnsdóttir, styrk að upphæð 75 000 kr vegna tónlistarverkefnis.

Benedikt Einarsson, styrk að upphæð 75 000 kr vegna tónlistarverkefnis.

Helga Sigríður E. Kolbeins, styrk að upphæð 75 000 kr vegna tónlistarverkefnis.

Hópar:

Askur Hrafn Hannesson, Birna Berg Bjarnadóttir, Hákon Hjartarson, Hrannar Máni Ólafsson, Birgir Bragi Gunnþórsson, styrk að upphæð 100 000 kr vegna tónlistarverkefnis.

Alexandra Rós Norðkvist, Salóme Sól Norðkvist, styrk að upphæð 100 000 kr vegna gjörningaverkefnis.

Jón Egill Hafsteinsson, Arngrímur Bragi, styrk að upphæð 100 000 kr vegna tónlistarverkefnis.

Skólahópar:

Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar, eldri hópur, styrk að upphæð 200 000 kr vegna

tónleikahalds.

Rytmísk skólahljómsveit úr Tónlistarskóla Garðabæjar, styrk að upphæð 150 000 kr vegna tónleikahalds.

Nemendur í lokaáfanga fata- og textílhönnunarbrautar FG, styrk að upphæð 50 000 kr vegna tískusýningar.

Nemendur í lokaáfanga myndlistardeildar FG, styrk að upphæð 120 000 kr vegna myndlistarsýningar.

Samtals er úthlutun úr hvatningarsjóði ungra listamanna 1 120 000 kr.

Viðurkenningar fyrir úthlutun úr Hvatningarsjóði ungra listamanna verða afhentar á menningaruppskeruhátíð Garðabæjar 22. maí nk.

Hannes Ingi Geirsson vék af fundi undir þessum lið.

4. 1904166 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2019

Framhald umræðu frá síðasta fundi.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að leggja til við bæjarráð Garðabæjar að einn listamaður verði útnefndur bæjarlistamaður Garðabæjar 2019. Nefndin leggur til að útnefningin á bæjarlistamanni Garðabæjar verði tilkynnt með formlegum hætti á menningaruppskeruhátíð Garðabæjar 22. maí nk. og fer þess jafnframt á leit við þá sem að málinu koma að nafni viðkomandi listamanns verði haldið leyndu þangað til.

5. 1903332 - Menningaruppskeruhátíð 2019

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um dagskrá menningaruppskeruhátíðar sem verður haldin í Sveinatungu á Garðatorgi miðvikudaginn 22. maí nk. kl. 17:30-19.

Umræður voru um heiðursviðurkenningar fyrir framlag til menningar og lista og ákvörðun tekin þar um.

6. 1808275 - Sameiginlegur fundur menningar- og safnanefndar og stjórnar Hönnunarsafns Íslands

Föstudaginn 17. maí nk. verður haldinn sameiginlegur fundur menningar- og safnanefndar Garðabæjar og stjórnar Hönnunarsafns Íslands þar sem farið verður yfir sameiginlega fleti nefndanna og menningarstarf í bænum. Rætt var um drög að dagskrá fundarins.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar
7. fundur 2019**

Fimmtudaginn 2. maí 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfraeðingur, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710244 - Gálghraun, deiliskipulag friðlands.

Lögð fram drög að tillögu að deiliskipulagi friðlandsins Gálghrauns og fólkvangsins Garðahrauns neðra.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Kynna skal drögin á íbúafundi í Flataskóla þann 6.maí.

Tillögunni vísað til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

2. 1812022 - Garðahraun ebra-Fólkvangur, deiliskipulag

Lögð fram drög að tillögu að deiliskipulagi fólkvangsins Garðahrauns ebra.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3.mgr.40.gr.Skipulagslaga nr.123/2010. Kynna skal drögin á íbúafundi í Flataskóla þann 6.maí.

Tillögu vísað til umfjöllunar í umhverfisnefnd.

3. 1903207 - Dalsbyggð 21 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir stækkan íbúðarhússins að Dalsbyggð 21.

Deiliskipulag fyrir Dalsbyggð telst ekki í gildi þar sem það var samþykkt í bæjarstjórn áður en fyrsta aðalskipulag Garðabæjar tók gildi. Í þeim skilmálum sem stuðst var við þegar hverfið byggðist þá var ekki kveðið á um nýtingarhlutfall eða hámark byggðan flöt. Húsið er í dag 282 m² á tveimur hæðum. Mikill hæðarmunur er á lóð og er baklóð hærri en framlóð sem nemur einni hæð.

Tillagan gerir ráð fyrir 250 m² stækkan, 107 m á hvorri hæð auk 35 m² stækkunar garðhýsis. Eftir stækkan yrði húsið 532 m² að flatarmáli.

Stærð lóðar er 951 m².

Samkvæmt tillögu fer bygging út fyrir byggingarreit að ofanverðu um 3,5 m.

Nýtingarhlutfall fyrir stækkan er 0,3 en eftir stækkan 0,56. Byggður flötur á lóð fyrir stækkan er 15 % en eftir stækkan 28 %.

Í sambærilegum hverfum eins og Arnarnesi eða Flötum er hámarks nýtingarhlutfall 0,45 en hámarks byggðs flatar 30 % eða 35 %.

Skipulagsnefnd leggur til að lögð verði fram tillaga þar sem bygging er innan byggingarreits og heildar nýtingarhlutfall 0,45. Athuga þarf hvernig pallur á steyptum

stoðveggjum reiknast til nýtingarhlutfalls.

4. 1706258 - Hraungata 8 áður 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn þar sem að gert er ráð fyrir lokuðu svalarými á svöllum á efri hæð í suðausturhorni byggingar. Skipulagsnefnd gerir ekki athugaemd við að við veitingu byggingarleyfis sé vikið frá kröfum 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 sbr. 3.mgr.sömu greinar ef að eigandi Hraungötu 10 áður 12 hefur lýst því yfir að hann gerir ekki athugsemd við útfærsluna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar
8. fundur 2019**

Föstudaginn 10. maí 2019 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfraeðingur, Anna María Guðmundsdóttir þjónustufulltrúi og Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1710244 - Gálgahraun, deiliskipulag friðlands.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi friðlandsins Gálgahrauns og fólkvangsins Garðahrauns neðra. Dagný Bjarnadóttir deiliskipulagsráðgjafi gerði grein fyrir tillögunni. Tillagan hefur verið forkynnt, m.a. á íbúafundi í Flataskóla 6. maí 2019. Lagðar fram ábendingar sem borist hafa ásamt umsögn frá Skipulagsstofnun vegna lýsingar verkefnisins. Tillögu, ábendingum og umsögnum vísað til úrvinnslu hjá deiliskipulagsráðgjafa og tækni og umhverfissviði. Tillögu vísað til kynningar í umhverfisnefnd.

2. 1812022 - Garðahraun efra-Fólkvangur, deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fólkvangsins Garðahrauns efra. Dagný Bjarnadóttir deiliskipulagsráðgjafi gerði grein fyrir tillögunni. Forkynning hefur farið fram og var tillagan kynnt á íbúafundi í Flataskóla 6. maí 2019. Ábendingar sem borist hafa eru lagðar fram sem og umsagnir sem borist hafa vegna lýsingar verkefnisins.

Skipulagsnefnd leggur til eftirfarandi breytingar á forkynntri tillögu:

- Aðalstígur sem sýndur er hjá Hádegishóli breytist í stikaða leið.
 - Tenging við Molduhraun á móts við Vesturhraun 5 sem aðalstígur verði felld út.
 - Malarstígar á uppdrætti breytast allir í stikaða leið.
 - Sett verði ákvæði um það í skilmálum að heimilt sé að gera lítilsháttar breytingar á stikuðum leiðum sem auðvelda fólk i aðgengi, svo sem með því að fjarlægja steina eða leggja hraunhellur sem upp-og niðurstig á stöku stað.
 - Heimilt verði að útfæra stikaða leið á stöku stað sem malarslóða ef sýnt er fram á að umferð gangandi fólks sé að valda skemmdum á náttúrulegum gróðri.
- Skipulagsnefnd vísar tillögunni með ofangreindum breytingum til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr.123/2010. Tillagan skal send umhverfisnefnd til umfjöllunar. Ef umhverfisnefnd leggur til verulegar breytingar á tillögunni skal hún tekin fyrir í skipulagsnefnd að nýju.

3. 1903082 - Bæjargarður, stígakerfi, dsk breyting.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Bæjargarðs sem gerir ráð fyrir göngu- og

hjólreiðastíg í hrauninu sunnan Hraunhóla. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Stínum er ætlað að beina umferð hjólandi vegfarenda frá húsagötunum Hraunhólum og Lynghólum. Einnig leggur tillagan til að heimilt verði að reisa 2 m háa girðingu í kringum gervigrasvöll.

Tillagan var forkynnt á íbúafund í Flataskóla 6. maí 2019 en þar voru m.a. kynntar tillögur að deiliskipulagi Fólkvangsins Garðahraun eftir og verður nýr stígur hluti af stígakerfi fólkvangsins.

Lagt fram erindi frá íbúum við Hraunhóla með ýmsum ábendingum sem vísað er til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

Ábendingum um hugsanlega stækkun fólkvangsins í Garðahrauni eftir inn á skipulagssvæði Bæjargarðs vísað til samvinnuteymis Garðabæjar og Umhverfisstofnunar um friðlöng og fólkvanga í Garðabæ.

Skipulagsnefnd vísar breytingartillöggunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr.123/2010.

4. 1809189 - Molduhraun, endurskoðun deiliskipulags.

Lögð fram tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi Molduhrauns.

Þær breytingar sem gerðar eru frá gildandi deiliskipulagi eru:

-Hámarksnýtingarhlutfall lóða hækkar úr 0.6 í 0.8

-Hámarksflötur bygginga á lóð hækkar úr 40% í 50%

-Auk 1 bílastæðis á hverja 50 fermetra atvinnuhúsnæðis eins og gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir verður heimilað að 1 bílastæði verði á hverja 35 fermetra verslunarhúsnæðis og 150 fermetra geymsluhúsnæðis

-Heimilað verður að lóðin Vesturhraun 1 stækki vegna breytinga á bæjarmörkum og lóðirnar Vesturhraun 3 og 5 stækki vegna aðlögunar að jaðri raskaðs svæðis í hrauninu vestan og norðan við lóðirnar.

-Gert verður ráð fyrir nýrri lóð Garðahrauni 1 þar sem áður var gert ráð fyrir óbyggðu svæði.

-Tillagan gerir auch þess ráð fyrir ýmsum uppfærslum og aðlögunar á deiliskipulagsgreinargerð sem komin er til ára sinna.

- Tenging við Garðahraun eftir á móts við Vesturhraun 5 verði felld út

Skipulagsnefnd vísar tillöggunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagsлага nr.123/2010.

5. 1809192 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 2. Grundir

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðarbæjar 2016-2030 sem gerir ráð fyrir því að svæði 2.03 S (2.09 Op (opið svæði)stækkar um 0,6 ha og nær upp með Hraunsholtslæk, svæði 2.09 Op minnkar sem því nemur og svæði 2.10 Íb minnkar lítilslega.

Skipulagsnefnd vísar tillöggunni til auglýsingar 3. mgr. 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010 og skal skipulagstjóri senda tillöguna til skoðunar hjá Skipulagsstofnun áður en hún verður auglýst.

6. 1710090 - Ægisgrund 1-5, dsk br (Svæði L6)

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda.

Skipulagsstjóri gerir grein fyrir fundi sem haldinn var með íbúum við Ægisgrund þar sem tillögurnar voru kynntar.

Skipulagsnefnd leggur til eftirfarandi breytingu á tillöggunni:

-Lóð fyrir einbýlishús við Þórsmörk verði felld út úr tillöggunni.

-Kveðið sé á um skýra aðgreiningu á göngustíg og aðkomu að Þórsmörk frá Ægisgrund.

- Lögun og stærð nýrra íbúðarhúsaloða og byggingarreita við Ægisgrund skal vera sambærileg og annarra húsa í götunni. Gera skal ráð fyrir 3 bílastæðum á lóð.
- Gera skal ráð fyrir grænu svæði milli Njarðargrundar og nýrra húsa og sett kvöð um gróðurbelti.

Skipulagsnefnd telur að með því að gera ráð fyrir tveimur einbýlishúsaloðum við Ægisgrund (nr.3 og nr.5) þá bæti þau hljóðvist við götuna vegna nýrrar tengingar íbúðarhúsahverfisins við hringtorgið við Vífilsstaðaveg. Skipulagsnefnd vísar tillöggunni til auglýsingar með ofangreindum breytingum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Skal hún auglýst samhliða auglýsingu um breytingu aðalskipulags sem nær til sama svæðis.

7. 1902346 - Deiliskipulag Hnoðraholt og Vetrarmýrar - breyting (viðbygging GKG)

Lögð fram að lokinni auglýsingu tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðraholt og Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir stækkan byggingarreits fyrir golfskála GKG til vesturs. Tillagan var í auglýsingu 28.mars til 9.maí.

Engar athugasemdir bárust. Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ og Vegagerðinni, engar athugasemdir voru gerðar.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

8. 1805161 - Haukanes 10,deiliskipulagsbreyting

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulags Arnarness sem gerir ráð fyrir því að byggingarreit fyrir svalir stækki til vesturs. Tillagan er umfangsminni en tillaga sem áður hefur verið kynnt.

Lögð fram umsögn arkitektastofunnar Hornsteina sem bendir á að umræddar svalir fara út fyrir byggingarreit og að nýtingarhlutfall hússins sé umfram heimild deiliskipulagsins sem er 0.45 en B-rýmin sem myndast undir svölum reiknast til nýtingarhlutfalls. Í álitum kemur fram að deiliskipulagráðgjafinn telur ekki að stækkan svala hafi áhrif á aðliggjandi lóðir. Bent er á að samkvæmt deiliskipulagi skuli heitir pottar vera innan byggingarreits.

Skipulagsnefnd metur breytinguna, þ.e. stækkan byggingarreits vegna svala, þarfleiðandi hækkan nýtingarhlutfalla og staðsetningu heitapottsins óverulega breytingu á deiliskipulagi Arnarness í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum og íbúum Haukaness 8, 9, 11,12 og 13.

Lúðvík Steinarsson vék af fundi undir þessum fundarlið.

9. 1710301 - Haukanes 15-Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu deiliskipulags Arnarness að lokinni grenndarkynningu. Tvö erindi með athugasemdum hafa borist. Tillöggunni og athugasemdum vísað til úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði.

10. 1810087 - Hvannakur 7, dsk br

Lögð fram fyrirspurn um þrjár mögulegar útfærslur á viðbyggingum á suðurhlíð húss sem ganga mislangt út frá núverandi byggingu. Svar skipulagsnefndar er neikvætt við öllum hugmyndum um útfærslu.

11. 1904058 - Hrauntunga

Lagt fram erindi Árna Helgasonar lögmanns fyrir hönd lóðarhafa Hrauntungu í Garðahraunshverfi dags.28.mars 2019. Innihald erindisins rætt. Vísað til bæjarráðs.

12. 1905084 - Grænigarður Garðaholti - fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Hólmfríðar Sigurðardóttur þess efnis hvort heimilað yrði að fjarlægja núverandi íbúðarhús sem stendur innan Grænagarðs á Garðaholti og reisa í stað þessi nokkuð stærra hús og 40 m² útihús að auki. Skipulagsnefnd er jákvæð gagnvart hugmyndinni en leggur til að lögð verði fram tillaga að breytingu deiliskipulags sem gerir ráð fyrir byggingarreitum fyrir íbúðarhús og útihús og yrði íbúðarhúsið með svipuðu sniði og það hús sem fyrir er og útihús í líkingu við þau útihús sem deiliskipulag heimilar fyrir nýbyggingar í Garðahverfi.

13. 1806394 - Lambhagi 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram byggingarleyfisumsókn sem gerir ráð fyrir viðbyggingu við íbúðarhúsið að Lambhaga 5.

Með vísan í 44. gr. skipulagsлага vísar skipulagsnefnd umsókninni til grenndarkynningar þar sem að deiliskipulag á svæðinu hefur ekki tekið gildi enn sem komið er. Umsóknin er í samræmi við ríkjandi byggðarmynstur. Grenndarkynna skal eigendum Lambhaga 4, (Melshúsa), Lambhaga 6, Lambhaga 20 og Búðaflatar 6.

14. 1903293 - Urðargata 1- Umsókn um byggingarleyfi

Lögð fram umsókn um breytingu deiliskipulags fyrir raðhúsalengjuna sem gerir ráð fyrir því að heimilað verði að byggja flöt þök á húsunum.

Skipulagsnefnd fellst ekki á að vikið sé frá ákvæðum í þakhalla. Guðrún Dóra vék af fundi undir þessum lið.

15. 1802205 - Snjallvæðing Garðabæjar

Lagt fram.

16. 1805169 - Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Sjómannaskólareitur og Veðurstofuhæð

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

17. 1904004 - Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - iðnaður og önnur landfrek starfsemi, Esjumelar (AT5)

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

18. 1905109 - Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting. Korpulína. Verklýsing til kynningar

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemdir við tillögurnar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.



Reykjavík, 3. maí 2019
Fundargerð 181. fundar

Tilvisun: 00060002

Föstudaginn 3. maí 2019 var haldinn 181. stjórmarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 09:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Árman Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Haraldur Sverrisson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. Félagsdómur

Farið yfir niðurstöðu Félagsdóms í máli Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna gegn SHS vegna breytinga á vaktakerfi.

Eftirfarandi lagt fram:

- Félagsdómur, mál nr. 7/2018, dags. 27. mars 2019.

Afgreiðsla: Kynning.

2. Árleg samantekt á framvindu brunavarnaáætlunar

Staða verkefna á framkvæmdaáætlun brunavarnaáætlunar 2018 kynnt.

Eftirfarandi lagt fram:

- 2018 Framvinda brunavarnaáætlunar SHS, dags. 3. maí 2019.

Afgreiðsla: Kynning.

3. Umhverfisskýrsla og grænt bókhald

Farið yfir framvindu markmiða SHS í umhverfismálum og niðurstöður úr grænu bókhaldi áranna 2017 og 2018.

Eftirfarandi lagt fram:

- Umhverfisskýrsla SHS fyrir árin 2017 og 2018, dags. 3. maí 2019.

Afgreiðsla: Kynning.

315

4. Búseta í atvinnuhúsnæði

Frestað mál. Tillaga að erindisbréfi fyrir starfshóp lögð fram.

Eftirfarandi lagt fram:

- Erindisbréf starfshóps um stefnumótun vegna búsetu í atvinnuhúsnæði, ódags.

Afgreiðsla: Rósa Guðbjartsdóttir verður fulltrúi stjórnar SHS og formaður starfshópsins.
Tillaga að erindisbréfi samþykkt.

5. Siðareglur starfsmanna

Drög að siðareglum fyrir starfsfólk SHS lögð fram til kynningar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Siðareglur starfsmanna SHS, drög, ódags.

Afgreiðsla: Kynning. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

6. Önnur mál


6.1 Viðbragðstími slökkviliðsins í alþjóðlegu samhengi.

Fundi slitið klukkan 10.00.


Næsti fundur verður föstudaginn 14. júní 2019.

Fylgiskjöl:

- Félagsdómur, mál nr. 7/2018, dags. 27. mars 2019.
- 2018 Framvinda brunavarnaáætlunar SHS, dags. 3. maí 2019.
- Umhverfisskýrsla SHS fyrir árin 2017 og 2018, dags. 3. maí 2019.
- Erindisbréf starfshóps um stefnumótun vegna búsetu í atvinnuhúsnæði, ódags..
- Siðareglur starfsmanna SHS, drög, ódags.




Dagur B. Eggertsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Armann K. Ólafsson



Gunnar Einarsson

Rósa Guðbjartsdóttir



STJÓRN SSH

470. fundur

Mánudaginn 6. maí 2019, kl. 12:00, kom stjórm SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggerthsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Gunnar Einarsson.
Fjarverandi: Karl M. Kristjánsson.

Ennfremur sat fundinn Páll Guðjónsson (lið 1) og Páll Björgvin Guðmundsson sem ritaði fundargerð (lið 2-7).

1. Málefni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

a) Uppbygging skíðasvæðanna – staða mála eftir úrskurð Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda og framhald máls

Fundinn sátu undir þessum dagskrálið Ómar Einarsson forstöðumaður ÍTR, Einar Kristján Stefánsson frá VSÓ og Páll Guðjónsson úr verkefnahópi uppbyggingar skíðasvæðanna.

Fyrir lágu eftirtalin gögn:

- Minnisblað frá verkefnahópnum og tillaga um framhald máls.
- Úrskurður Skipulagsstofnunar um umhverfismat framkvæmda vegna uppbyggingar og endurnýjun á lyftubúnaði skíðasvæða og snjóframleiðslu í Bláfjöllum dags 26. apríl 2019.

PG fór yfir meginatriði máls og þá tillögu sem verkefnahópurinn setur fram um úrvinnslu máls héðan í frá. Ljóst er að bið eftir úrskurði Skipulagsstofnunar hefur leitt af sér seinkum sem verður til þess að ekki verður unnt að framkvæma þá verkþætti sem til stóð að vinna að á þessu ári. Tillaga verkefnahópsins felur í sér að gengið verði frá útboðsgögnum á nýjum forsendum með það að leiðarljósi að útboð fari fram í júnímánuði, og verkþáttum verði raðað þannig að fyrirhuguðum framkvæmdum ljúki engu að síður á árinu 2024.

Ómar Einarson og Einar Kristján Stefánsson véku af fundi.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH, eigendavettvangur skíðasvæðanna, felur verkefnahópnum að ljúka undirbúningsvinnu vegna útboðsins á grundvelli tillögu hópsins þannig að fullbúin gögn verði lögð fyrir eigendavettvanginn á næsta stjórnarfundi SSH. Í þeiri vinnu verði m.a. farið ítarlega yfir hvort meginforsendur kostnaðaráætlana og annarra lykilþáttta hafi breyst frá því samningur sveitarfélaganna um uppbygginguna var gerður í maí 2017. Sömuleiðis liggi þá fyrir hvaða áhrif breytingar sem í ljós kunna að koma hafa á forsendur um fjárfamlög og greiðsluflæði verkefnisins.

b) Rekstur skíðasvæðanna og reikningsskil

Ármann Kr. Ólafsson vakti máls á framsetningu ársuppgjörs vegna reksturs skíðasvæðanna fyrir árið 2018 og benti að hún væri ekki í samræmi við hefðbundin reikningsskil.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH er sammála um að bæta þurfi úr framsetningu reikningsskilanna, og óska eftir því að forstöðumaður ÍTR sjá til þess að úr því verði bætt.

Páll Guðjónsson vék af fundi



2. Málefni kjarasamninga

Fundinn sátu undir þessum dagskrálið Inga Rún Ólafsdóttir frá Sambandi Íslenskra sveitarfélag og Harpa Ólafsdóttir frá Reykjavíkurborg til að fara yfir og ræða málefni kjarasamninga sveitarfélaganna við viðsemjendur.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjón SSH mun áfram fylgjast vel með gangi mála og fá frekari upplýsingar og heimsóknir á stjórnarfundi SSH vegna málefna og stöðu kjarasamninga.

Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir og taka saman upplýsingar frá aðildarsveitarfélögnum um þróun tekna sveitarfélaganna á fyrstu 4-5 mánuðum ársins 2019.

3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan /málsnr. 1903002

Með vísan til stjórnarfundar 4. mars og 8. apríl 2019 eru lagðir fram samningar til samþykkta vegna undirbúningsverkefna Borgarlínu á árinu 2019 og 2020. Annars végar samning milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almennингssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu) og hins végar Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (og 2020).

Fyrir fundinum lágu eftirfarandi gögn:

- Drög að samningi milli sveitarfélaganna um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almennингssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu).
- Drög að samningi SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (2020).
- Drög að minnisblaði til aðildarsveitarfélaga SSH um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu – samningar vegna undirbúnings.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að fela framkvæmdastjóra að undirrita samning SSH og Vegagerðarinnar um fyrirkomulag sameiginlegs verkefnis við undirbúning og lagningu Borgarlínunnar á grundvelli fjárveitinga ríkis og sveitarfélaganna 2019 (2020) með fyrirvara um samþykkt aðildarsveitarfélaganna á samkomulagi þeirra í milli um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almennингssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu).

Stjórn samþykkir samkomulag um samstarf um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning að lagningu hágæða almennингssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (Borgarlínu) með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaganna. Er framkvæmdastjóra falið að senda samninginn til aðildarsveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu.

Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með kynningu í borgarráði og bæjarráðum, verði eftir því óskað.



4. Skipan í stjórn Fjölsmiðjunnar / málsnr. 1501007

Niðurstaða fundar

Stjórn tilnefndir Pál Björgvin Guðmundsson sem stjórnarmann í stjórn Fjölsmiðjunnar í stað Páls Guðjónssonar fyrrverandi framkvæmdastjóra SSH.

5. Fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 / málsnr. 1905001

Fyrir liggur þingsályktunartillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024. Fjárlaganefnd Alþingis hefur sent SSH ályktunina til umsagnar.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir að fela framkvæmdastjóra að vinna tillögu að umsögn um fjármálaáætlun fyrir árin 2020-2024 í samráði við stjórn. Þá er Ármanni Kr. Ólafssyni og Páli Björgvini falið að mæta á fund fjárlaganefndar til að fjalla um umsögn SSH.

6. Dreifibréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga

Farið yfir efni dreifibréfs Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá 18. mars 2019 en þar er fjallað um almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga sé í samræmi við lög og reglur.

Umræður.

Niðurstaða:

Lagt fram og kynnt.

7. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk / málsnr. 1711002

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. fundar vinnuhóps um ferðaþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

Niðurstaða:

Lagt fram og kynnt.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:00.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

303. fundur

Föstudaginn 3. maí 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) og Kolbrún Þorsteinsdóttir, varamaður fyrir fulltrúa Mosfellsbæjar.

Fjarverandi: Helga Ingólfssdóttir, fulltrúi Hafnarfjarðar.

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (Áþ), sviðsstjóri fjármála og rekstrar sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Rafrænt greiðslukerfi
2. Vinnustaðakönnun 2019
3. Kjarasamningur
4. Persónuverndarstefna
5. Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Rafrænt greiðslukerfi

Á fundi eigendavettvangs Strætó 8. apríl sl., var fjárfesting og innleiðing á nýju rafrænu greiðslukerfi Strætó að undangengnu útboði samþykkt í samræmi við framlögð gögn á fundinum. Í fjárhagsáætlun Strætó fyrir árið 2019 er gert ráð fyrir að fjárfest verði í rafrænu greiðslukerfi fyrir 200 m.kr. í ár og 100 m.kr. á næsta ári, samtals er um að ræða 300 m.kr. fjárfestingu.

Fyrir fundinum liggja drög að útboðsgögnum og minnisblað frá Borgarlöggmanni Reykjavíkur

Eyþóra Kristín Geirdóttir lögmaður hjá Borgarlöggmanni Reykjavíkur, kom á fundinn og fór yfir minnisblaðið.

Stjórn samþykkir að fara í samningskaup að undangenginni auglýsingu, í samræmi við fyrirliggjandi drög að útboðsgögnum með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

2. Vinnustaðakönnun 2019

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs fór yfir niðurstöður vinnustaðagreiningar Strætó 2019.

3. Kjarasamningur

Núverandi kjarasamningur Strætó og Sameyk, (áður starfsmannafélag Reykjavíkurborgar) rann út 1. apríl 2019.

Stjórn felur, Jóhannesi Rúnarssyni framkvæmdastjóra Strætó, Ástríði Þórðardóttur sviðsstjóra fjármála og reksturs og Sigríði Harðardóttur sviðsstjóra mannauðs- og gæðasviðs, að leiða samningaviðræður við stéttarfélag starfsmanna Strætó, Sameyk um nýjan kjarasamning.

Nýr samningur verður lagður fyrir stjórn til samþykktar þegar hann liggur fyrir.

4. Persónuverndarstefna

Sigurður Már Eggertsson, persónuverndarfulltrúi Strætó kom inn á fundinn til að fara yfir breytingar á persónuverndarstefnu Strætó. Breytingar á stefnunni taka mið af athugasemdum Persónuverndar, sem flestar snúa að fræðsluskyldu Strætó í akstursþjónustu fatlaðra.

Byggðasamlögin Strætó, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins og Sorpa eru í samstarfi um ráðningu persónuverndarfulltrúa til eins árs vegna innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum og til að vinna að þeim málum sem upp kunna að koma á tímabilinu og varða persónuvernd.

Stjórn samþykkir nýja persónuverndarstefnu í samræmi við umræður á fundinum.

5. Önnur mál

- a) Fyrirspurn frá fulltrúa Sósíalistafloks Íslands í borgarstjórn Reykjavíkur lögð fram . Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.
- b) Fyrirspurn frá ÍSAM um breytingar á leiðakerfi í kringum Korputorg, dagsett 14. ágúst 2018, lögð fram. Framkvæmdastjóra falið að svara fyrirspurninni í samræmi við umræður á fundinum.
- c) Umfjöllun um könnun á aðgengi fatlaðra að strætisvögnum og biðstöðum Strætó á höfuðborgarsvæðinu. Könnunin var unnin á tímabilinu 1. júní til 30. ágúst 2018.

Fram kom í könnuninni að aðgengi fatlaðra að biðstöðvum Strætó er verlega ábótavant. Einnig kom bar fram að allir strætisvagnar sem könnunin náði til voru merktir með aðgengi fyrir fatlað fólk og voru með útfellanlegum rampi, öryggisbelti fyrir hjólastóla voru til staðar í vögnunum en þóttu almennt ekki nágu góð.

Þátttakendur í könnunni voru sammála um að bæta þurfi aðstöðu við og á biðstöðvum og gott væri að vita fyrirfram hvaða biðstöðvar eru með aðgengi fyrir fatlað fólk en það myndi auka líkur á því að þeir notuðu Strætó.

Fylgiskjöl:

- Vinnustaðagreining Strætó 2019
- Fyrirspurn frá ÍSAM, dagsett 14. ágúst 2018
- Fyrirspurn frá áheyrnafulltrúa Sósíalistafloks Íslands í Reykjavík – R19040221
- Mælaborð yfir lykiltölur rekstri janúar til mars 2019
- Könnun á aðgengi strætisvagna og biðstöðvum Strætó, mars 2019

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Karen Halldórsdóttir

Kolbrún Þorsteinstóttir, varamaður



**SAMKOMULAG UM
SAMSTARF UM TÆKNILEGAN OG FJÁRHAGSLEGAN UNDIRBÚNING
AD LAGNINGU HÁGÆÐA ALMENNINGSSAMGANGNA
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU (BORGARLÍNA)**

Með vísun til gildandi svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið gera sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsþær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes með sér eftirfarandi samkomulag um:

tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning 2019 – 2020 vegna lagningar Borgarlínu.

1. Almennt

Samkomulag þetta byggir á eftirfarandi:

- a) Núgildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins frá 29. júní 2015 með breytingu frá 25.maí 2018 vegna ætlaðrar legu Borgarlínu í skipulagi sveitarfélaganna.
- b) Ákvæða í samgönguáætlun fyrir árin 2019 – 2023 um fjárfamlög ríkisins til undirbúnings að lagningu Borgarlínu með skilyrði um að ofangreind sveitarfélög leggi fram tilsvarandi fjárhæðir til verkefnisins.
- c) Tillögu stjórnar SSH til sveitarfélaganna frá 04.03.2019 um aðkomu og samstarf sveitarfélaganna að verkefninu.

2. Markmið samkomulagsins

Markmið samkomulags þessa er að skilgreina aðkomu sveitarfélaganna að samstarfi við ríkið um nauðsynlegan tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning vegna lagningar Borgarlínu.

Gert er ráð fyrir að á árunum 2019 og 2020 verði varið allt að 1.600 millj. kr í nauðsynlega undirbúningsvinnu, þ.e. forhönnun, skipulagsvinnu og gerð útboðsgagna vegna fyrsta áfanga verkefnisins.

Samhliða verður unnið að útfærslu á fjármögnun uppbyggingar Borgarlínu og samkomulagi um skiptingu stofnkostnaðar milli ríkis og sveitarfélaganna.

3. Fjárfamlög

Sveitarfélögin samþykka að leggja í sameiningu til fjármagn á árinu 2019 og 2020 til jafns á við framlag ríkisins vegna tæknilegs og fjárhagslegs undirbúnings verkefnisins, allt að 800 millj. kr króna á árinu 2019 og 2020. Innbyrðis skipting sveitarfélaganna vegna þessu verður eins og fram kemur í fylgiskjali 3.



4. Verkefnisstjórn og umsýsla

Verkefnið verður unnið sameiginlega af Vegagerðinni og framangreindum sveitarfélögum. Sveitarfélöginn samþykkja að fjárhagsleg umsýsla verkefnisins og verkefnisstjórn verði falið skrifstofu Samtaka sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu á grundvelli samþykktar stjórnar samtakanna frá 04.03.2019.

Sveitarfélöginn samþykkja enn fremur að samhliða þessu samkomulagi verði gerður og undirritaður sérstakur samstarfssamningur við Vegagerðina í samræmi við framangreinda samþykkt stjórnar SSH.

5. Fyrirvari

Fyrirvari er gerður á framlagi sveitarfélaganna á móti ríkinu sem nemur 500 millj. kr og varðar 2. áfanga undirbúnings (verkhönnun útboð) náist ekki samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu samgangna á höfuðborgarsvæðinu til ársins 2033. Sjá skiptingu verkefna í fylgiskjali 2.

Verði ekki af ofangreindu samkomulagi verður kostnaðarskiptingin milli sveitarfélaganna eins og sjá má í fylgiskjali 5.

6. Önnur ákvæði

Sveitarfélöginn eru sammála um að samhliða flýtingu á öðrum áfanga Borgarlínuframkvæmda að Keldum verði unnið að áframhaldandi tengingu í gegnum Blikastaðaland til Mosfellsbæjar.

Meðfylgjandi og hluti af samningi þessum:

- Fylgiskjal 1 Frumkostnaðaráætlun og verkefnisáætlun fyrra hluta verkefnis.
Fylgiskjal 2 Yfirlitsáætlun þeirra verkefna sem samningurinn nær til.
Fylgiskjal 3 Innþyrðis skipting sveitarfélaganna ásamt greiðsluáætlun.
Fylgiskjal 4 Stjórnskipulag verkefnis.
Fylgiskjal 5 Kostnaðarskipting sveitarfélaganna m.v. 300 millj. kr mótfamlag sveitarfélaganna.

Undirritun og gildistaka

Samningur þessi gildir frá xx. maí 2019 til 31. desember 2020.

Kópavogi xx. maí 2019

Reykjavík

Kópavogur

Hafnarfjörður

Garðabær



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Mosfellsbær

Seltjarnarnesbær



LÁNSSAMNINGUR

nr. 1905_33

milli

Lánaþjóðs sveitarfélaga
sem lánveitanda

og

Garðabæjar
sem lántaka

EFNISYFIRLIT

1. SAMNINGSAÐILAR	3
2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN	3
3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA	3
4. VEXTIR.....	3
5. TRYGGINGAR – VEÐYFIRLÝSING	4
6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA	4
7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN	4
8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR	5
9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR	5
10. TILKYNNINGAR.....	6
11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNDANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU	6
12. FORCE MAJEURE	7
13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM	7
14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA	7
15. LÖG OG VARNARÞING	7
16. ÖNNUR ÁKVÆÐI	8
Viðauki I	9
Viðauki II	10

1. SAMNINGSAÐILAR

Lántaki: Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, Garðabæ.

Lánveitandi: Lánsjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, Reykjavík.

2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN

- 2.1. Lántaki lofar að taka að láni og lánveitandi lofar að lána íslenskar krónur 500.000.000 – fimmhundruðmilljónir- til 15 ára. Fjárhæðin breytist í samræmi við breytingar á vísítölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísítölu í maí 2019 sem er 465,3 stig.
- 2.2. Lánið kemur til útborgunar í einu lagi eigi síðar en fimm bankadögum eftir að beiðni lántaka um útborgun lánsins berst lánveitanda skv. fyrirmynnd í Viðauka II. Bankadagur í samningi þessum er víkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
- 2.3. Tilgangur láns þessa er fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nánar tiltekið til fjármögnunar á byggingu grunnskóla og íþróttamannvirkja í Urriðaholti. Lántaki ábyrgist gagnvart lánveitanda að svo sé og skuldbindur sig til að ráðstafa láninu til framangreinds verkefnis.

3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA

- 3.1. Lánið er jafngreiðslulán. Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með 30 jöfnum greiðslum afborgana og vaxta auk verðbóta á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 5. október 2019 og síðasta skipti 5. apríl 2034. Lánið er bundið vísítölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísítölu í maí 2019 sem er 465,3 stig. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Greiðslustaður lánsins skal vera hjá lánveitanda.
- 3.2. Uppgreiðsla lánsins umfram umsamdar afborganir skv. gr. 3.1. er óheimil.
- 3.3. Komi til gjaldfellingar samnings þessa á grundvelli 9. gr. reiknast uppgreiðslugjald sem lántaka ber að greiða á gjalddaga eða gjaldfellingardegi. Uppgreiðslugjaldið skal samsvara þeim mismun sem er á vaxtastigi lánsins á uppgreiðsludegi og markaðsvöxtum sambærilegra nýrra lána hjá lánveitanda á uppgreiðsludegi miðað við uppreiknaðar eftirstöðvar lánsins, nûvirt frá uppgreiðsludegi til lokagjalddaga.

4. VEXTIR

- 4.1. Vextir eru verðtryggðir og reiknast af höfuðstól lánsins frá útborgunardegi. Vextirnir eru 2,19% álegir og eru fastir allan lánstímann. Vaxtagareglan er 30/360.
- 4.2. Vextir skv. gr. 4.1. skulu greiðast á 6 mánaða fresti í fyrsta sinn þann 5. október 2019 og þar til höfuðstóll lánsins er að fullu greiddur. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir.
- 4.3. Standi lántaki ekki skil á greiðslu á gjalddaga ber honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ber þá að greiða dráttarvexti

samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ef af einhverjum ástæðum vanskil hafa varað lengur en 12 mánuði skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól lánsins á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila í samræmi við ákvæði gildandi laga um vexti og verðtryggingu á hverjum tíma.

5. TRYGGINGAR – VEÐYFIRLÝSING

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði setur lántaki tekjur sínar að veði skv. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Komi til vanskila er lánveitanda heimilt að ganga að framangreindum tekjum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar en að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.

6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA

- 6.1. Lántaki greiðir kostnað vegna innheimtu lánsins, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og þess háttar kostnað sem kann að stofnast til vegna lánveitingarinnar.
- 6.2. Lántaki greiðir öll opinber gjöld og skatta sem lögð kunna að vera á samninginn, lánveitanda að skaðlausu.
- 6.3. Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur lántaki sig til þess að greiða lánveitanda auk vaxta og dráttarvaxta allan kostnað sem lánveitandi leggur út fyrir vegna vanefndanna, lögmannspóknun eða annars er lánveitanda ber að greiða, svo og annan kostnað vegna innheimtu lánsins.

7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN

Það er skilyrði fyrir útborgun lánsins samkvæmt samningi þessum að lántaki hafi afhent lánveitanda eftirtalin skjöl á því formi sem er fullnægjandi að mati lánveitanda:

- a) Staðfest afrit fundargerðar sveitarstjórnar lántaka þar sem samþykkt er veðsetning lántaka á tekjum hans vegna lántöku ásamt veitingu umboðs til undirritunar lánnssamningsins, sbr. viðauka I við samning þennan sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- b) Mat á skuldbindingu samkvæmt 66. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011, ef við á.
- c) Samþykkt lántaka, sbr. 9. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.
- d) Beiðni um útborgun láns, sbr. viðauki II við samning þennan, sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- e) Önnur gögn og staðfestingar sem lánveitandi telur nauðsynlegt að liggi fyrir til að útborgun lánsins megi fara fram.

8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbindur lántaki sig til að:

- a) Hafa ávallt fullnægjandi tryggingar að mati lánveitanda vegna eigna.
- b) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, ársreikning sem endurskoðaður hefur verið af endurskoðanda.
- c) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, allar frekari upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka.
- d) Upplýsa lánveitanda þegar í stað ef upp koma þær aðstæður sem rætt er um í 9. gr. samnings þessa (Uppsögn samningsins – gjaldfellingarheimildir).
- e) Selja ekki allar eignir sínar eða verulegan hluta þeirra án samþykkis lánveitanda. Í þessu sambandi telst sala á verulegum hluta eigna vera ef söluverð eða bókfært verð hinna seldu eigna nemur hærra hlutfalli en 25% af heildareignum lántaka skv. endurskoðuðum ársreikningi.
- f) Upplýsa lánveitanda um ef hann greiðir upp önnur lán eða greiðir inn á önnur lán umfram samningsskyldu sem nemur hærri fjárhæð en því sem nemur 20% af tekjum lántaka fyrir síðastliðið almanaksár.
- g) Upplýsa lánveitanda ef hann gerir samkomulag við þriðja aðila um fjárhagsleg málefni hans, þ.m.t. við ráðherra á grundvelli 83. gr. sveitastjórnarlaga nr. 28/2011, ásamt því að senda afrít af viðkomandi samkomulagi og öllum tengdum skjölum til lánveitanda svo fljótt sem auðið er eftir að samkomulag liggur fyrir.

9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR

9.1. Við einhver eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að segja öllu láninu upp einhliða, fyrirvara laust og án aðvörunar:

- a) Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað 60 daga eða lengur.
- b) Ef einhverjar upplýsingar lántaka sem snerta efni lánssamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að hann hefði ekki, að mati lánveitanda, samþykkt lánveitinguna með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
- c) Ef fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- d) Ef tryggingar/ábyrgðir að baki láninu eru ekki lengur fullnægjandi að mati lánveitanda og úr því er ekki bætt innan 30 daga frá tilkynningu lánveitanda þar að lútandi.
- e) Ef lántaki innir ekki af hendi greiðslu á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggur á hann greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann vanefnir annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess. Sama gildir ef lánveitanda er heimilt að

gjalfella lán til lántaka þar sem fjárhæð viðkomandi láns er að fjárhæð sem nemur a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári.

- f) Ef lántaki verður sannanlega uppvís að því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
 - g) Ef lántaki brýtur gegn einhverri skuldbindingu sinni skv. 8. gr. (Sérstakar skuldbindingar).
 - h) Ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt lánssamningnum og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántaka um að framfylgja skyldunni.
 - i) Ef sérstakar yfirlýsingar lántaka skv. 14. gr. samningsins reynast rangar.
 - j) Ef ársreikningar eða árshlutareikningar lántaka eru með áritun um fyrirvara um rekstrarhæfi af löggiltum endurskoðanda.
- 9.2. Ef láninu er sagt upp af hálfu lánveitanda getur lánveitandi gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins ásamt áföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum, þ.a.m. uppgreiðslugjaldi á grundvelli gr. 3.3. Ber lántaka að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga eða gjaldfellingardegi til greiðsludags sbr. gr. 6.3. og gr. 4.3.

10. TILKYNNINGAR

- 10.1. Allar beiðnir um breytingar á skilmálum lánssamningsins, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.
- 10.2. Allar tilkynningar og beiðnir í tengslum við lánssamninginn skulu vera skriflegar. Þær skulu sendar með sannanlegum hætti til þess að þær geti talist gildar gagnvart mótaðila. Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- og póstfangi.
- 10.3. Lánveitanda er heimilt að senda tilkynningar til lántaka á tölvupóstfangið gardabaer@gardabaer.is sem teljast einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku. Lántaka er heimilt að senda tilkynningar til lánveitanda á tölvupóstfangið lanasjodur@lanasjodur.is sem telst einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku.

11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNDANÞÁGU FRÁ PAGNARSKYLDU

Með undirritun sinni á lánssamning þennan samþykkir lántaki með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki, að lánveitanda sé heimilt að miðla upplýsingum um lán þetta opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn lántaka, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útláanasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.

12. FORCE MAJEURE

Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum lánveitanda vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa, hryðjuverka eða atriða sem talin verða falla undir force majeure tilvik þannig að lánveitanda verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnumar á lánssamningi þessum á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við gerð hans, getur lánveitandi að undangenginni tilkynningu til lántaka gjaldfellt eftirstöðvar lánsins með 60 daga fyrirvara. Lánveitandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem lántaki kann að verða fyrir í tengslum við slíka gjaldfellingu né nokkra aðra gjaldfellingu samkvæmt lánssamningi þessum.

13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM

Þó lánveitandi kjósi að hagnýta sér ekki strax, að fullu eða að hluta, þann rétt sem hann hefur samkvæmt lánssamningnum, takmarkar það ekki heimild hans eða möguleika til að hagnýta sér þann rétt síðar.

14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA

Lántaki lýsir því yfir við undirritun samnings þessa og á hverjum vaxtagjalddaga lánsins að:

- a) Lántaki hefur staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af hans hálfu til að skuldbinda sig samkvæmt lánssamningnum og uppfylla ákvæði hans og að lánssamningurinn sé því skuldbindandi fyrir hann að öllu leyti.
- b) Lánssamningurinn brýtur ekki í bága við nokkurn samning, sem lántaki er aðili að, eða nokkur lög eða reglur sem eiga við um lántaka.
- c) Lántaki hefur ekki vitneskju um neinn réttarágreining, sem veikt gæti fjárhagsstöðu hans verulega eða hæfi hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins.
- d) Ekkert af þeim tilvikum sem nefnd eru í 9. gr. (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir) séu til staðar.
- e) Lántaki hefur látið lánveitanda í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans.
- f) Engar þær upplýsingar sem fram koma í lánssamningnum eða eru í tengslum við efni hans og lántaki hefur gefið, eru rangar eða ófullnægjandi.
- g) lántaki sinnir verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og lánið verður nýtt til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

15. LÖG OG VARNARPÍNG

Um lánssamning þennan gilda íslensk lög. Rísi mál vegna lánssamnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Lánssamningur þessi er alls 10 síður að viðauka meðtöldum. Er hann gerður í tveimur samhljóða eintökum og fær lántaki og lánveitandi hvort sitt eintak.

16. ÖNNUR ÁKVÆÐI

Lánveitanda er heimilt að selja þriðja aðila aðild að lánssamningi þessum í heild eða hluta, eða framselja lánið til þriðja aðila án samráðs við eða með skriflegu samþykki lántaka. Lántaka er ekki heimilt að framselja nokkur réttindi sín eða skuldbindingar samkvæmt lánssamningi þessum, nema með fyrirfram skriflegu samþykki lánveitanda.

Öllu framangreindu til staðfestu undirrita aðilar nöfn sín undir í votta viðurvist. Sá sem undirritar f.h. lántaka staðfestir sérstaklega veðyfirlýsingu samkvæmt 5. gr. lánssamnings þessa með undirritun sinni f.h. lántaka.

Staður og dagsetning

f.h. lánveitanda,

Staður og dagsetning

f.h. lántaka,

Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn:

Kt:

Nafn:

Kt:

Vottar að réttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn:

Kt:

Nafn:

Kt:

Viðauki I

Ákvörðun um að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:

[Sveitarstjórnin] samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að taka lán hjá Lánaþjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. [], með lokagjalddaga þann [--], í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér.

[Sveitarstjórnin] samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til [*stutt lýsing á tilganginum með lántökunni*] sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er [nafn umboðshafa og kennitala], veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. [sveitarfélagsins] að undirrita lánssamning við Lánaþjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántoku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

[Nafn umboðshafa]

Viðauki II



2019

Efni: Beiðni um útborgun láns.

Með vísan til 2. greinar lánasamnings nr. 1905_33 milli Garðabæjar og Lánaþjóðs sveitarfélaga, um lán að höfuðstólsfjárhæð kr. 500.000.000 er þess óskað að fjárhæðin verði greidd út með eftирgreindum hætti:

Greiðsludagur:

Viðtakandi greiðslu:

Reikningsnúmer:

Kennitala:

Undirrituð/undirritaður staðfestir að hafa heimild til að skuldbinda lántaka með undirritun sinni.

F.h. lántaka

14. maí 2019

Tillaga:

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að fela umhverfis- og tæknisviði að taka saman upplýsingar um kolefnislosun sveitarfélagsins. Auk þess að koma með tillögur um leiðir og aðgerðir til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu í sveitarfélagini með það að markmiði að kolefnisjafna starfsemi sveitarfélagsins.

Greinargerð:

Baráttan við loftlagsbreytingar af mannavöldum er eitt stærsta viðfangsefni samtímans. Í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftlagsmálum er unnið eftir markmiðum Parísarsamningsins til 2030 og stefnt er að kolefnishlutleysi á Íslandi árið 2040. Orkuskipti í samgöngum og átak í kolefnisbindingu eru tvö helstu áhersluatriði þessarar aðgerðaáætlunar. Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna telur að 70% til 90% nauðsynlegra aðgerða í loftlagsmálum séu bundin sveitarstjórnarstiginu. Hér gegna sveitarfélögin því lykilhlutverki. Það er því mikilvægt að sveitarfélögin taki þátt í þessu mikilvæga verkefni að fullum þunga og horfi þar til samgangna, endurheimtur votlendis, úrgang, flokkun og aðrar grænar lausnir með það að markmiði að fækka sótsporum í starfsemi sveitarfélagsins.

Áslaug Hulda Jónsdóttir
Jóna Sæmundsdóttir
Guðfinnur Sigurvinsson